

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 82/2007**

**frá 6. júlí 2007**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2007 frá 8. júní 2007 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/10/EB frá 27. janúar 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum forklórferúroni og indoxakarbi <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/90/EB frá 18. janúar 2006 um tuttugustu og níundu breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna, skaðlegra efna og efnablandna (efna sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða skaðleg fyrir æxlun) <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/16/EB frá 7. febrúar 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu oxamýli <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/19/EB frá 14. febrúar 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu 1-metýlsýklóprópeni <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/39/EB frá 12. apríl 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum klódnafópi, pírimíkarbi, rímsúlfúroni, tólklófosmetýli og trítíkonasóli <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/310/EB frá 21. apríl 2006 um breytingu á viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB, að því er varðar undanþágur varðandi notkun blýs, í því skyni að laga hann að tækniframförum <sup>(7)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 266, 11.10.2007, bls. 6, og EES-viðbætur nr. 48, 11.10.2007, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 25, 28.1.2006, bls. 24.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 28.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 36, 8.2.2006, bls. 37.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 44, 15.2.2006, bls. 15.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 104, 13.4.2006, bls. 30.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 115, 28.4.2006, bls. 38.

*1. gr.*

XV. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE):  
„– **32005 L 0090**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/90/EB frá 18. janúar 2006 (Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 28).“
2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE):  
„– **32006 L 0010**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/10/EB frá 27. janúar 2006 (Stjtíð. ESB L 25, 28.1.2006, bls. 24),  
– **32006 L 0016**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/16/EB frá 7. febrúar 2006 (Stjtíð. ESB L 36, 8.2.2006, bls. 37),  
– **32006 L 0019**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/19/EB frá 14. febrúar 2006 (Stjtíð. ESB L 44, 15.2.2006, bls. 15),  
– **32006 L 0039**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/39/EB frá 12. apríl 2006 (Stjtíð. ESB L 104, 13.4.2006, bls. 30).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB):  
„– **32006 D 0310**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/310/EB frá 21. apríl 2006 (Stjtíð. ESB L 115, 28.4.2006, bls. 38).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2006/10/EB, 2005/90/EB, 2006/16/EB, 2006/19/EB og 2006/39/EB og ákvörðunar 2006/310/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. júlí 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

formaður.